



## 169 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, miðvikudaginn 31 ágúst 2022 kl.09.30 á Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mætt voru; Guðveig Eyglóardóttir, Ragnar Sæmundsson, Líf Lárusdóttir, Elín Gunnarsdóttir, Sigurður Guðmundsson, Eyjólfur I. Bjarnason, Jakob B. Jakobsson, Jósef Kjartansson, Júníana Óttarsdóttir, Sigurbjörg Ottesen. Guðný Elíasdóttir var forfölluð. Þá sat Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV fundinn og ritaði fundargerð

Guðveig Eyglóardóttir, formaður SSV, setti fund kl.09.35

### 1. Fundargerð 168 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 168 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina

### 2. Fundargerð frá aukaaðalfundi SSV

Lögð fram fundargerð frá aukaaðalfundi SSV sem fór fram 22 júní s.l. Stjórn gerði engar athugasemdir við fundargerðina. Umræða varð um kosningu varaformanns og ritara. Samþykkt að varaformaður verði kosinn á næsta fundi stjórnar, en stjórn taldi ekki þörf á að kjósa sérstakan ritara.

### 3. Haustþing SSV 2022

Lögð fram uppfærð tillaga að dagskrá fyrir Haustþing SSV 2022 sem fer fram í Stykkishólmi dagana 21 og 22 september n.k. Þema þingsins verða samskipti ríkis og sveitarfélaga. Stjórn samþykkti tillögu að dagskrá.

### 4. Vinnuhópar og ályktanir

Lögð fram tillaga að vinnuferli við vinnu ályktana á haustþingi. Stjórn samþykkti að eftirfarandi vinnuhópar starfi á Haustþingi SSV 2022;

- Fjárhags- og starfsáætlun SSV
- Samgöngur og innviðir
- Opinber þjónusta
- Atvinnu- og umhverfismál

Stjórn samþykkti jafnframt að vinnuhóparnir fundi á Temas fyrir þingið og mæti til þings með drög að ályktunum.

## 5. Sóknaráætlun Vesturlands

Kynning á Sóknaráætlun Vesturlands og þá sérstaklega á áhersluverkefnum sóknaráætlunar sem eru í gangi á þessu ári.

## 6. Þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Vesturlandi

Lagður fram slitareikningur fyrir þjónustusvæði um málefni fatlaðra á Vesturlandi. Einnig eru lagðir fram ársreikningar fyrir árinu 2020 og 2021. Starfsemi þjónustusvæðisins lauk í árslok 2019 þegar verkefni þjónustusvæðisins voru færð yfir til sveitarfélaganna. Stjórn samþykkti slitareikninginn sem og ársreikninga fyrir árin 2020 og 2021.

## 7. Samgöngumál og innviðir

Lögð fram tillaga að kynningu á Samgönguáætlun Vesturlands. Stjórn samþykkti að kynna áætlunina fyrir ráðherrum. Þingmönnum kjördæmisins, viðkomandi ráðherrum, Vegagerðinni, Fjarskiptastofnun, Rarik og Landsneti.

## 8. Staða Sauðfjárræktar

Lagt fram minnisblað frá SSV, Vestfjarðarstofu og SSVN til Byggðastofnunar varðandi þá erfiðleika sem uppi eru í sauðfjárrækt í Dalabyggð, sveitarfélögum á Ströndum, Reykhólahreppi og Húnaþingi vestra. Í minnisblaðinu er kallað eftir því að landshlutasamtökin í Norðvesturkjördæmi, skipi fulltrúa í vinnuhóp ásamt Byggðastofnun sem hefði það hlutverk að vinna tillögur til þess að efla byggð á þessu svæði. Stjórn SSV samþykkti að skipa Eyjólf I. Bjarnason og Pál S. Brynjarsson í hópinn.

## 9. Varðveislusetur Vesturlands

Á fundinn mætti Sigursteinn Sigurðsson verkefnisstjóri menningar- og velferðarmál hjá SSV og kynnti greinargerð um varðveislusetur á Vesturlandi. Borgarbyggð hefur sent stjórnvöldum erindi þar sem óskað er eftir því að varðveislusetur verið reist í sveitarfélaginu sem m.a. myndi hýsa varaeintakasafn Landsbókasafnsins sem í dag er staðsett í Reykholti

## 10. Starfsmannamál

Rætt um starfsmannamál og vinnu við endurskoðun á mannauðsstefnu SSV. Fram kom að Kristján Guðmundsson hefur verið ráðinn tímabundið í starf hjá SSV og Markaðsstofu Vesturlands, en Thelma Harðardóttir hefur látið af störfum. Þá mun Margrét Björk fagstjóri áfangastaða og markaðssviðs SSV fari í leyfi frá 1 október til 1 janúar n.k. Stjórn samþykkti að Margrét Björk fái launað leyfi.

## 11. Starfsemi SSV á nýju starfsári

Lögð fram tillaga að tímasetningum fyrir fundi stjórnar á nýju starfsári. Auk þess rætt um áherslur fyrir starfsáætlun komandi árs. Stjórn samþykkti tillögu að fundaaætlun á nýju starfsári.

## **12. Tilnefning fulltrúa í fulltrúaráð Brákar**

Framlagt erindi frá stjórnarformanni húsnæðissjálfsseignarstofnunarinnar Brákar þar sem óskað er eftir að SSV tilnefni aðal- og varamann í fulltrúaráð stofnunarinnar í samræmi við 7 gr. samþykktta hennar. Stjórn samþykkti að tilnefna Jakob B. Jakobsson sem aðalmann og Sigurð Guðmundsson sem varamann.

## **13. Ungmennaráð Vesturlands**

Á fundinn mættu Vilhjálmur Ríkharðsson formaður Ungmennaráðs Vesturlands og Sigursteinn Sigurðsson verkefnisstjóri hjá SSV. Ungmennaráð óskaði eftir því að formaður kæmi inn á fund stjórnar SSV til þess að fara yfir helstu niðurstöður frá ungmennanæþingi sem fór fram í mars s.l. Auk sem Ungmennaráð óskar eftir heimild til þess að fjölga fundum ráðsins, en fulltrúar í ráðinu fá greidd laun frá SSV. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um kostnað við að fjölga fundum á ári úr tveimur í fjóra.

## **14. Framlögð mál**

- a. Fundargerð almannavarnefnd Vesturlands. Í fundargerðinni er óskað eftir því að SSV vinna tillögu að því hvernig staðið verði að ráðningu starfsmanns fyrir almannavarnarnefnd Vesturlands. Stjórn samþykkti að fela framkvæmdastjóra að taka saman minnisblað um mögulega ráðningu starfsmanns.
- b. Framkvæmdastjóri greindi frá stjórnarfundum hjá NýVest og Gleipni.

Fundi slitið kl.11.55